

Umsókn um skráningu umboðsmanns

Útg. 3.1

1.0. Umsækjandi

Nafn _____

Kennitala _____

Heimilisfang _____

Netfang _____

Sími _____ FAX _____

hér á eftir "umboðsmaður", sækir með um skráningu á vef ISNIC sem umboðsmaður erlendra réttthafa .IS léna, með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

2.0. Verksvið umboðsmanns

2.1. Umboðsmaður hefur milligöngu um skráningu léna fyrir erlenda aðila í samræmi við úthlutunarreglur ISNIC hverju sinni. Umboðsmaður ber ábyrgð á að skráning hins erlenda aðila í réttthafaskrá ISNIC sé rétt og fullnægjandi. Umboðsmaður sér um að kynna rétthöfum skráningarreglur íslenskra léna, þar með talið **að ISNIC áskilur sér rétt til að hafna skráningu léna sem skráð eru með röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum um réttthafa og tengiliði**. Það er á ábyrgð umboðsmanns að halda við skráningarupplýsingum um lén fyrir hönd réttthafa þeirra.

2.2. Umboðsmaður skal koma fram gagnvart ISNIC sem tengiliður réttthafa og skal annast alla umsýslu fyrir hönd erlends réttthafa léns á Íslandi. Umboðsmaður skal sjá til þess í samningi sínum við réttthafa léns að hann megi teka við gögnum frá ISNIC fyrir hönd réttthafa sé þess þörf. Þá getur umboðsmaður komið fram fyrir hönd réttthafa ef ágreiningsmál koma upp vegna lénsins.

2.3. Umboðsmaður verður skráður á lista yfir umboðsmenn á vef ISNIC sem umboðsaðili erlendra réttthafa .is léna.

2.4. NIC-Auðkenni umboðsmanns er notað sem auðkenni tengiliðs réttthafa þeirra léna sem viðkomandi er umboðsmaður fyrir.

NIC-Auðkenni umboðsmanns: _____

2.5. Skráning á vef ISNIC:

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Sími: _____

Fax: _____

Netfang: _____

Veffang: _____

NIC-Auðkenni: _____

3.0. Þjónustugjald

3.1. Umboðsmaður skal, ár hvert, greiða ISNIC sérstakt árgjald í samræmi við gjaldskrá ISNIC hverju sinni.

3.2. Skráning umboðsmanns fellur úr gildi ef greiðsla hefur ekki borist 60 dögum eftir gjalddaga reiknings.

4.0. Leynd og framsal

4.1. Allar upplýsingar sem umsókn þessari skulu skoðast sem trúnaðarmál. Óheimilt er að upplýsa þriðja aðila um málefni, sem stafa frá samningi þessum, nema með skriflegu leyfi gagnaðila.

4.2. Óheimilt er að framselja réttindi þau sem aðilum eru fengin með skráningu umboðsmanns, nema með skriflegu samþykki ISNIC.

5.0. Gildistími

5.1. Umboðsmaður getur sagt upp stöðu sinni hvenær sem er. Skráningargjald umboðsmanns er ekki endurgreitt. Uppsögn skal vera skrifleg.

5.2. Uppfylli umboðsmaður ekki lengur skilyrði skráningar, og hafi ekki bætt úr innan 30 daga frá því að ISNIC sendir tilkynningu þar að lútandi, áskilur ISNIC sér rétt til að afskrá umboðsmann án frekari viðvarana.

Umboðsmaður

Undirskrift

Nafn

Kennitala

Sendið útfyllta umsókn ásamt fylgiritum á fax # 578-2031 eða í tölvupósti til isnic@isnic.is.